

Fundur stjórnar Retrieverdeildar HRFÍ

14.1.2026. kl 19:00



Fundur haldinn í fundarherbergi HRFÍ.

Mætt/ir eru: Dagný, Gísli Már, Guðni Þór, og Sólrún Dröfn

Dagskrá fundarins:

1. Yfirferð pósta til stjórnar.

- Beiðni um lista af sýningum frá HRFÍ.
 - Uppgjör á deildarsýningunni og árinu í heild sinni.
 - Heiðar með ábendingu um gamalt efni á heimasíðu deildarinnar sem þarf að uppfæra.
 - Aðlögun veiðiprófa á hundavef.
- Stjórn HRFÍ ætlar að senda á forritara og vita hvernig þetta lítur út DKK megin. Ekki þykir okkur líklegt að þetta hafist fyrir sumarið þar sem 3 mánuðir er til stefnu að koma þessu upp.
- Fyrirspurn frá ræktanda um rakkalistann.

2. Yfirferð fjármála frá síðasta fundi.

- Koma þarf reikningum til skoðunarmanns reikninga.
- Styrkir síðasta árs rukkaðir.

3. Starfið fram undan.

- Fréttir frá veiðinefnd.
- Dagskrá prófa er komin en enn á eftir að finna erlendan dómara fyrir prófið fyrir norðan.
- Fréttir frá sýningarnefnd.
- Deildarsýningin kom út í tapi. Velta þarf öllum steinum til að koma í veg fyrir það í framtíðinni án þess að það komi niður á gæðum sýningar eða aðbúnaðs þeirra sem koma að viðburðinum.
- Fræðsla og annað sem er á dagskrá.
- Nýliðakvöld framundan 21. janúar. Albert, Heiðar og Óli er klárir með fræðslu erindi.
- Aðal fundur

4. Staða verkefna okkar.

- Undirbúningur fyrir aðalfund.
- Hafa samband við skrifstofu HRFÍ og bóka aðalfund, 26. Febrúar. Taka saman efni fyrir ársskýrslu, fá tölfraði og það sem þarf. Koma upplýsingum um fjárhag deildarinnar til skoðunarmanns reikninga. Hvaða málefni þarf að opna fyrir á fundinum?
- Kostnaður við heimasíðu deildarinnar er orðinn alltof mikill og er hugmynd að taka síðuna yfir hætta að greiða þjónustugjöld af henni.

5. Önnur mál

6. Yfirferð verkefna úr fundinum.

- Gísli ætlar að taka fulltrúaráðsfundinn 4. Febrúar.
- Sólrún tekur saman gögn og kemur áfram á skoðunarmann reikninga.
- Guðni og Gísli ætla að taka saman stutta kynningu á nýliðakvöldinu.
- Dagný ætlar að safna upplýsingum fyrir ársskýrslu.

Næstu stjórnarfundur er ákveðinn þriðjudaginn 24. febrúar

Gísli Már Árnason, ritari.

